

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

*Umsögn Vestfjarðastofu um 53. máli á 154. löggjafarþingi, Miðstöð íslenskrar þjóðtrúar á Ströndum, umsagnarbeiðni nr. 12210*

Hólmavík, 10.11.2023

Þjóðtrú lifir með þjóðinni og er stór hluti af því sem gerir okkur að sjálfstæðri þjóð.

Í listum og menningu hvernar þjóðar er það menningarlegur arfur þjóðarinnar sem verður listafólki að yrkisefni, bæði hinn sýnilegi arfur en þó ekki síður hinn ósýnilegi arfur. Þjóð sem ræktar þannig sinn menningararf verður ávallt betur sett en sú þjóð sem lætur skeika að sköpuðu og leyfir menningu sinni og þjóðararfi að þynnast út í alþjóðlegum straumum.

Þjóðtrúin er ekki bara hornsteinn fyrir samfélagið heldur er hún endalaus uppspretta viðfangsefna fyrir listafólk í öllum greinum. Hlutfall þeirra ferðamanna sem vilja kynna þjóðlegum arfi fer sífellt hækkandi. Þannig getur þjóðtrúin skipað æ ríkari sess í framþróun menningartengdrar ferðaþjónustu. Það er því brýnt að koma á laggirnar miðstöð íslenskrar þjóðtrúar og telur stjórn Vestfjarðastofu Hólmavík vera afar heppileg staðsetningu slíkrar miðstöðvar, enda er þar nú þegar Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum – Þjóðfræðistofa, og má reikna með því að þessar tvær stofnanir gætu átt öflugt og gefandi samstarf.

f.h. stjórnar Vestfjarðastofu

Skúli Gautason

menningarfulltrúi Vestfjarða